| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans[1]** | | | | | |
| | | | | | |
| • **Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki** | Auglýsa á ýmsum vettvangi eftir fagmenntuðu starfsfólki. Leikskólastjóri mun hafa samband við HA og HÍ árlega um að við tökum á móti nemum í launað starfsnám.<br><br>Hægt væri að gera skólann og starfið sýnilegri á stafrænum miðlum og þannig vekja áhuga kennara á leikskólanum, starfinu þar og Djúpavogi.<br><br>Mjög mikilvægt er að hvetja ófaglært starfsfólk í Bjarkatúni til að fara í kennaranám. | Maí 2023 | Stöðugt í vinnslu | Leikskólastjóri<br><br>Fræðslustjóri Múlaþings<br><br>Leikskólafulltrúi Múlaþings | Auglýst er eftir fagmenntuðum kennurum árlega og verður því haldið áfram.<br><br>Hvati frá Múlaþingi í formi launalegs stuðnings |
| • **Bæta aðstöðu til hreyfiþjálfunar og listsköpunar.** | Framvegis verður salurinn í leikskólanum nýttur til hreyfiþjálfunar fyrir báðar deildir. Passa þarf að rýmið þar sé fyrst og fremst ætlað til hreyfingar og að þar sé ekki of mikið af húsgögnum sem færa þarf úr stað til að salurinn nýtist fyrir hreyfingu.<br><br>Listakrókurinn er of lítið svæði fyrir listsköpun. Listaskáli í garðinum kæmi til greina eða sameina geymslur úti og breyta þeim í listaskála. Útileikföngum | Ágúst 2023 | Júlí 2025 | Leikskólastjóri<br><br>Deildarstjórar<br><br>Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings | Þegar framtíðarlausn er fundin á aðstöðu fyrir listsköpun er ekki lengur þörf á endurmati. |

[1] Bætið við línum eftir þörfum.

MENNTAMÁLASTOFNUN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | og vagnaskúr yrði þá að finna annað geymslusvæði.<br><br>Til er teikning af viðbyggingu af leikskólanum. Þar er gert ráð fyrir þriðju deildinni auk listaskála. | | | | |
| • **Útbúa geymslu fyrir barnavagna.** | Barnavagna geymsla er til staðar. Sú geymsla hefur líka verið nýtt sem geymsla fyrir aðra hluti. Útbúa þarf geymslurými. | Ágúst 2024 | Júlí 2025 | Leikskólastjóri<br><br>Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings | Þegar framtíðarlausn er fundin á geymsluaðstöðu er ekki lengur þörf á endurmati. |
| • **Bæta vinnuaðstöðu starfsfólks.** | Fá pappírsgeymslu undir prentaraborðið og laga gluggann. Mikilvægt er að tæma undirbúningsherbergið og setja bara þangað inn sem mikilvægt er fyrir starfið í leikskólanum. Í stað skjala sem búið er að prenta út sem er upp í hillum þarf að vista það á svæði Bjarkatúns á teams. Hver starfsmaður þyrfti að fá eina hillu fyrir sig. | September 2023 | Maí 2024 | Leikskólastjóri í samvinnu við starfsfólk. | Þarfnast ekki endurmats þegar búið er að klára þessa vinnu. |
| • **Auka geymslurými**. | Hægt væri að kaupa auka geymsluhús fyrir leikskólann sem færi á/við lóðina. | Ágúst 2023 | Júlí 2025 | Leikskólastjóri<br><br>Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings | Þegar framtíðarlausn er fundin á geymsluaðstöðu er ekki lengur þörf á endurmati. |
| • **Útbúa skjól á útileiksvæði.** | Setja niður tré meðfram girðingunni. | Maí 2023 | Júlí 2025 | Leikskólastjóri<br><br>Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings | Apríl 2024 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Garðyrkjustjóri Múlaþings. | |
| • **Endurbæta jarðveg á útileiksvæði** | Skipta þarf um jarðveg og þökuleggja. Setja þarf niður fallmottur/dúk undir leiktækin í garðinum. | Júní 2023 | Ágúst 2025 | Leikskólastjóri<br><br>Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings<br><br>Þjónustumiðstöð Djúpavogs. | Þarfnast ekki endurmats þegar búið er að klára þessa vinnu. |
| • **Gera sérleiksvæði fyrir yngri börnin úti.** | Okkar vantar fleiri leiktæki fyrir yngstu börnin. Þau komust upp í sandkassann (þó ekki þau allra yngstu) en ekki í önnur tæki nema með aðstoð starfsfólks.<br><br>Gott væri að hafa sérleiksvæði stúkað af sem væri hægt að nýta þegar færra starfsfólk er á leikskólalóðinni. | Maí 2024 | Haust 2024 | Deildarstjóri Krummadeildar<br><br>Leikskólastjóri<br><br>Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings | Þarfnast ekki endurmats þegar búið er að klára þessa vinnu. |
| • **Fjölga bílastæðum við leikskólann.** | Hægt væri að setja niður möl meðfram bílastæðinu og búa þannig til fleiri stæði.<br><br>Mikilvægt er að setja skilti um að stæðin séu fyrir starfsfólk í leikskólans og foreldra leikskólabarna vegna fjölda ferðamanna sem teppa oft stæðin. | Maí 2024 | September 2024 | Leikskólastjóri<br><br>Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings | Þarfnast ekki endurmats þegar búið er að klára þessa vinnu. |
| • **Taka upp umræðu um einkunnarorð leikskólans, kynna og gera sýnileg.** | Verður gert á starfsmannafundi á haustönn 2023 og þá fengnar hugmyndir hjá starfsfólki um sýnileika og hvernig við ætlum að vinna betur eftir þeim. | Október 2023 | Maí 2024 | Leikskólastjóri í samvinnu við starfsfólk. | Umræðan um einkunnarorðin okkar ætti alltaf að vera leiðarljós í öllu starfi framvegis. |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. Skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið II – Stjórnun** | | | | | |
| • **Sveitarfélagið setji sér menntastefnu.** | Verið er að vinna í menntastefnu Múlaþings. | Maí 2023 | Maí 2024 | Fræðslustjóri og fjölskylduráð | Maí 2025 |
| • **Gera skipurit fyrir leikskólann og gera sýnilegt.** | Við þurfum að finna á hvernig formi við viljum gera skipuritið. Þegar það er ákveðið tekur litla stund að gera sjálft skipuritið. Þegar því er lokið er það sett á heimasíðu Bjarkatúns og gert sýnilegt í leikskólanum. | September 2023 | Október 2023 | Aðstoðarleikskólastjóri | Uppfært í júní árlega þar sem farið er yfir breytingar og kynnt starfsfólki á starfsmannafundi í september ár hvert. |
| • **Gera skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.** | Vinna við skólanámskrá er hafin. Á næsta skólaári verður stefnt að því að vinnu ljúki.<br><br>Mikilvægt er að hafa í huga breytingar á aðalnámskrá leikskóla sem kynntar verða í september 2023 í þessari vinnu. https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/08/09/Kynning-a-breytingum-a-adalnamskra-leikskola/ | Hafin | Júní 2024 | Sjórnunarteymi Bjarkatúns | Árlega þarf að yfirfara og uppfæra skólanámskránna. |
| • **Starfsáætlun skal vinna í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.** | Í júní 2023 var starfáætlunin fyrir skólaárið 2023-2024 gerð. Að loknu sumarfríi þarf að fullklára hana.<br><br>Starfsáætlun fyrir skólaárið 2023-2024 send til fræðslustjóra og leikskólafulltrúa Múlaþings 25.ágúst 2023. | Júní 2023 | Ágúst 2023 | Sérkennslustjóri | Árlega í júní |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • **Gera rýmingaráætlun leikskólans sýnilegri.** | Áætlun er til, þurfum að hengja hana upp, kynna hana reglulega fyrir nemendum og starfsfólki og einnig að birta hana á heimasíðunni. | September 2023 | Janúar 2024 | Aðstoðarleikskólastjóri | Árlega í maí er farið yfir og uppfært í samræmi við annað starfsfólk. Áætlunin er svo kynnt fyrir starfsfólki á starfsmannafundi í september ár hvert. |
| • **Gera áætlun um verklag við slysum sýnilegri, kynna fyrir starfsfólki og birta á heimasíðu leikskólans.** | Áætlun er til, þurfum að hengja hana upp, kynna hana reglulega og einnig að birta hana á heimasíðunni. | September 2023 | Janúar 2024 | Aðstoðarleikskólastjóri | Árlega í maí er farið yfir verklagið og gerðar breytingar ef þörf er á. Hún kynnt og yfirfarin á starfsdegi/fundi í september |
| • **Gera formlega og skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og kynna fyrir starfsfólki.** | Gert og kynnt fyrir starfsfólki á starfsmannafundi. | Janúar 2024 | Maí 2024 | Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri | Yfirfara árlega í ágúst. |
| • **Sérkennslustjóri sem hluti af stjórnendateymi sitji deildarstjórafundi.** | Frá og með maí 2023 mun sérkennslustjóri sitja alla deildastjórafundi. | Maí 2023 | Lokið | Leikskólastjóri | Ekki þörf á endurmati |
| • **Finna leiðir til að gera upplýsingaflæði til starfsfólks skilvirkara.** | Samkvæmt skýrslu mætti upplýsingaflæði frá hendi deildastjóra vera betra. Fundagerðir eru ritaðar en þær séu ekki nógu sýnilega starfsfólki. Í byrjun haustannar þarf að taka þetta fyrir á deildafundum og finna út með | Ágúst 2023 | September 2023 | Deildastórar Krumma- og Kríudeildar ásamt starfsfólki á báðum deildum. | Alltaf í upphafi hvers skólaárs |

MENNTAMÁLASTOFNUN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | hvaða form væri heppilegast að vinna. Nú þegar eru deildarfundir aðra hverja viku, fundargerðir settar inn á teams svæði deilda, skrifa er á töflu inn á deildum hvernig dagurinn lítur út og einnig er fartölva inn á deildum með vikuplani.<br><br>Mikilvægt er að deildarfundir haldi sér.<br><br>Deildarfundir eru núna partur af starfsmannafundum og það hefur gefist vel. | | | | |
| • **Gera handbók fyrir starfsfólk sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar og hafa aðgengilega.** | Það þarf að uppfæra þá áætlun sem er til er og setja inn á teamsvæði Bjarkatúns. | Október 2023 | Maí 2025 | Leikskólastjóri | Yfirfara þarf handbókina í upphafi hvers skólaárs |
| • **Gera skriflega áætlun um móttatöku og handleiðslu nýs starfsfólks** | Bjarkatún á þessa áætlun til en það þarf að yfirfara hana og koma henni svo á teams svæði Bjarkatúns.. | Júní 2023 | Lokið | Sérkennslustjóri | Yfirfara þarf áætlunina í upphafi hvers skólaárs.<br><br>Áætlun yfirfarin og sett inn á teams svæði Bjarkatúns í ágúst 2023. |
| • **Gera símenntunaráætlun** | Leikskólastjóri ætlar að kynna sér hvernig ásímenntunarætlun er sett upp hjá öðrum leikskólum Múlaþings og taka það verklag upp. | Janúar 2024 | Október 2025 | Leikskólastjóri | Skjal sem er sífellt í vinnslu |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • **Finna leiðir til að samningsbundnir undirbúningstímar starfsfólks falli ekki niður** | Setja niður stundaskrá þannig að einhver komi í staðin fyrir starfsmanninn sem er í undirbúningi og ráða inn afleysingu. | Ágúst 2023 | Maí 2024 | Leikskólastjóri | Maí 2025 |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. Skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið III – Uppeldis og menntastarf** | | | | | |
| • **Bæta aðgengi barnanna á yngri deild að leikefni og hafa leikföng, bækur og annan efnivið í þeirra hæð** | Snúa þarf hillum við og setja bækur í þær ásamt leikefni. | Ágúst 2023 | Desember 2023 | Deildarstjóri Krummadeildar | Endurmat reglulega |
| • **Vinna að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í leikskólastarfinu hvað varðar skipulag og viðfangsefni**<br><br>**ATHUGA á þetta ekki við um báðar deildir??** | Taka upp valstjóra sem nemendur draga úr barnahópnum á hverjum degi sem stýrir því hvaða leikefni er í boði hverju sinni í valinu/frjálsa leiknum.<br><br>Gefa börnum tækifæri á að velja sjálf hvað þau vilja gera, sitja og vinna í hópastarfstímum. Það er gert með því að spyrja þau álits og leyfa þeim að ákveða sjálf og hafa rými í daglegu starfi þar sem þau hafa þetta tækifæri. | Ágúst 2023 | Maí 2024 | Deildarstjóri Kríudeildar | Alltaf í upphafi hvers skólaárs |
| • **Taka upp uppeldislegar skráningar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og** | Á starfsdegi og starfsmannafundum á haustönn er mikilvægt að starfsmannahópurinn skoði hvaða leiðir aðrir leikskólar velja til | September 2024 | Maí 2025 | Leikakólastjóri<br><br>Deildarstjórar<br><br>Sérkennslustjóri | Alltaf í upphafi hvers skólaárs |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **skipuleggja næstu skref með þeim** | skráninga. Eins að taka saman hvaða leiðir eru nú þegar verið að vinna með í Bjarkatúni og hvort hægt sé að skerpa á þeim eitthvað frekar. Einnig að bera undir börnin hvaða lausnir þau sjái ásamt því að breytingar verði gerðar í samvinnu með þeim. Ígrunduð umræða um hvaða leiðir falli vel að þeim áherslum sem eru í skólanum og innleiðing á þeim hefjist svo í framhaldinu. | | | | |
| • **Skoða leiðir til að börn geti metið nám sitt og sett sér markmið** | Sjá svar að ofan<br><br>Mikilvægt er að hafa í huga breytingar á aðalnámskrá leikskóla sem kynntar verða í september 2023 í þessari vinnu. https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/08/09/Kynning-a-breytingum-a-adalnamskra-leikskola/ | September 2025 | Maí 2026 | Leikskólastjóri<br><br>Deildarstjórar<br><br>Sérkennslustjóri | Alltaf í upphafi hvers skólaárs |
| • **Leita leiða til að gera tónlist og vísindi meira sýnileg í starfi leikskólans** | Ráða tónlistarkennara í hlutastarf<br><br>Setja inn í skipulag hópastarfs fastar tónlistarstundir tvisvar sinnum í mánuði og vísindi tvisvar sinnum í mánuði. Auk þess að gefa nemendum tækifæri á að velja hljóðfæri/tónlist og vísindi í valinu. | September 2023 | Maí 2024 | Leikskólastjóri<br><br>Deildastjórar | Maí 2024 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • **Endurskipuleggja nýtingu listaskála og salar svo sameiginleg rými nýtist öllum börnum** | Sjá svör í kaflanum *leikskólinn og umhverfi hans* | Ágúst 2023 | Júlí 2025 | Leiksólastjóri<br><br>Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings | Þegar framtíðarlausn er fundin á aðstöðu fyrir listsköpun er ekki lengur þörf á endurmati. |

| **Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. Skýrslu** | **Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta** | **Hvenær hefst** | **Hvenær lokið** | **Ábyrgðaraðili/ar** | **Endurmat, hvenær/hvernig** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl** | | | | | |
| • **Gera þarf greinarmun á því hvenær foreldri er í hlutverki fulltrúa foreldraráðs eða foreldrafélags.** | Farið yfir á foreldrafundi í september 2023 hvert hlutverk foreldra í foreldraráði er og hlutverk foreldri í stjórn foreldrafélagsins. | September 2023 | Lokið | Leikskólastjóri | Endurmetið ár hvert á opnum fundi foreldra í leikskólanum |
| • **Upplýsa þarf foreldra um hlutverk foreldraráðs og foreldrafélags** | Farið yfir á foreldrafundi í september 2023 hvert hlutverk foreldra í foreldraráði er og hlutverk foreldri í stjórn foreldrafélagsins. | September 2023 | Lokið | Leikskólastjóri | Endurmetið ár hvert á opnum fundi foreldra í leikskólanum |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • **Foreldraráð þarf að gera starfsáætlun og vinnureglur sem birtar eru á heimasíðu leikskólans ásamt fundargerðum ráðsins** | Gera foreldraráði grein fyrir þessu verkefni sem liggur fyrir ráðið til að hægt sé setja á heimasíðu leikskólans | September 2024 | Ágúst 2026 | Leikskólastjóri og foreldraáð | Endurmetið ár hvert á opnum fundi foreldra í leikskólanum |
| • **Brýnt er að fram fari umræða um meira og formlegra samstarf milli leikskólans og Djúpavogsskóla** | Koma á fót teymi með kennurum af báðum skólastigum sem mótar samstarf og kemur með hugmyndir um samstarf milli nemenda á báðum skólastigum. Samstarfið yrði bæði milli elstu nemenda leikskólans og 1. bekkjar en líka samstarf við aðra nemendur skólanna. | Ágúst 2023 | Maí 2026 ATH. Erum við ekki að gefa okkur aðeins of langan tíma í þetta?? | Aðstoðarleikskólastjóri leikskólans | Í byrjun september ár hvert þar sem teymin myndu fara yfir samstarfið og leggja línurnar fyrir næsta skólaár. |

| **Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu** | **Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta** | **Hvenær hefst** | **Hvenær lokið** | **Ábyrgðaraðili/ar** | **Endurmat, hvenær/hvernig** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið V – Skóli án aðgreiningar** | | | | | |
| • **Skrá verkferla ef upp kemur grunur um þroskafrávik og gera aðgengilega svo sem á heimasíðu**. | Sérkennslustjóri vinnur að þessu í samstarfi við leikskólafulltrúa fræðslustjóra Múlaþings. Mikilvægt er að gera verkferla sem samræmist nýju farsældarlögunum. | Ágúst 2023 | Lokið | Sérkennslustjóri í samstarfi við leikskólafultrúa Múlaþings og fræðslustjóra Múlaþings | Verkferlar tilbúnir í ágúst 2023 og komir inn á heimasíðu Bjarkatúns. |
| • **Æskilegt væri að hafa almennar hagnýtar upplýsingar um** | Setja þarf þýðingar hnapp á heimasíður sem þýðir yfir á það tungumál sem lesandinn velur. | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Sérkennslustjóri Starfrænar lausnir Múlaþings | Júní 2024 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku** | | | | | |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið VI – Innra mat** | | | | | |
| • **Allir hagsmunahópar eiga að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats til dæmis með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra** | Stofna matsteymi með leikskólastjóra, tveimur kennurum af sitt hvorri deildinni auk tveggja foreldra<br><br>Fundur með foreldrum í september er óskað eftir fulltrúum frá þeim í þetta teymi | September 2023 | September 2024 | Leikskólastjóri | Ár hvert eftir opin fund með foreldrum |
| • **Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvað viðmið liggi til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu** | Í starfsáætlun verði settur liður matsáætlunar sem er fyrir skólaárið þar sem kemur fram hvaða þætti í starfi skólans eigi að meta. | Október 2024 | September 2026 | Leikskólastjóri<br>Deildarstjórar | Endurmat ár hvert |
| • **Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi** | Skólapúlsinn er lagður fyrir foreldra annað hvert ár og starfsfólk á móti annað hvert ár.<br>Bjóða upp á opna foreldrafundi tvisvar á ári þar sem foreldrar hafa tækifæri á að | September 2023 | September 2026 | Leikskólastjóri | Endurmat ár hvert |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **aðkomu að skipulagningu matsins** | koma að skipulagningu starfsins og mati á því. | | | | |
| • **Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til úrbóta** | Í starfsáætlun leikskólans verður kafli sem er tileinkaður innra mati. | September 2023 | September 2026 | Leikskólastjóri | Endurskoðað ár hvert |
| • **Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.** | Í starfsáætlun er umbótaáætlun við hvern þátt þar sem kemur fram hvaða tækifæri eru til umbóta, hvað eigi að gera og hvernig endurmat muni fara fram. | September 2023 | September 2026 | Leikskólastjóri | Endurskoðað ár hvert |
| • **Innra mat þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þætti starfsins séu metnir** | Innra mat verður í tilvonandi námsskrá auk þess sem settur verður kafli innra mats í starfsáætlun skólans sem er yfirfarin á hverju ári. | September 2023 | September 2026 | Leikskólastjóri<br>Leikskólafulltrúi | Endurskoðið ár hvert |